



Ályktun.

Síbylja fjölmiðla um kreppuástand er farin að auka á þann vanda sem blasir við. AFL Starfsgreinafélag hvetur ábyrga aðila í þjóðfélaginu til að hætta gaspri um kreppu, ástandi sem við flest tengjum við súpueldhús og fjöldaatvinnuleysi. Óábyrgt tal um efnahagslegt hrun bætir aðeins í vandann. Íslenskt atvinnulíf stendur á traustum grunni er byggir á hæfu starfsfólki og kröftugum fyrirtækjum.

Vandi sá er við tökumst á við nú er þó ærinn. Forsendur gildandi almennra kjarasamninga eru svo brostnar að það hlýtur að vera komið út fyrir verksvið „forsendunefndar“ að ræða framlengingu þeirra heldur hljóta samningar að renna sitt skeið í febrúar nk.. Okurvextir og óðaverðbólga hafa komið heimilunum í landinu og atvinnulífinu í ógöngur og löngu er kominn tími á að stjórnvöld grípi til aðgerða.

Ljóst er að „frjálshyggjan“ hefur beðið skipbrot og áþreifanlegustu dæmin eru inngríp stjórnvalda í m.a. Bandaríkjunum, sem hafa nú þurft að dæla áður óþekktum upphæðum til að leysa efnahagslífið og almenning undan klúðri frjálshyggjunnar og óheftrar gróðafíknar fjármagnsins.

Hér á landi hefur almenningur tekið á sig vaxtabyrði vegna erlendrar lántöku sem orsakast m.a. af lánsfjárbörf banka í útrás. AFL Starfsgreinafélag fellst á að hluta velmegunar síðustu ára megi vissulega rekja til tekna af erlendri starfssemi íslenskra banka, en stjórnvöld brugðust hins vegar algerlega í því hlutverki sínu að setja bönkunum lagaramma um leið og starfssemi þeirra var sleppt lausri á grunlausan almenning.

Kjaramálaráðstefna AFLs Starfsgreinafélags hafnar hugmyndum um upptöku evru sem lausn þess vanda sem nú blasir við. Fundurinn vekur athygli á því að evruvæðing krefst undirbúnings og samninga við Evrópusambandið. Nýr gjaldmiðill er mögulega leið sem íslenskt þjóðfélag mun huga að í náinni framtíð en við núverandi aðstæður eru deilur um Evrópusambandsaðild og upptöku evru aðeins til þess fallnar að draga athygli frá hinum raunverulega vanda og drepa umræðunni á dreif.



Kjaramálaráðstefna AFLs Starfsgreinafélags sept. 2008

Allt tal um þjóðarsátt eins og umræðan er þessa dagana er skrumskæling þeirrar þjóðarsáttar sem vísað er til. AFL Starfsgreinafélag hafnar algjörlega þjóðarsátt sem á byggir á kjaraskerðingu félagsmanna sinna. Til að sátt náist í þjóðfélaginu um aðgerðir, þurfa allir hópar þess, stofnanir og fyrirtæki að koma að en á meðan fjármálaráðuneytið skrifar undir kjarasamninga sem tryggja einstaka hópum hálf mánaðarlaun almenns verkafólks í launahækkun verður slík sátt æ fjarlægari.

Reynsla síðustu missera hefur sýnt að hópar háskólamenntaðra starfsmanna hafa sótt sér umtalsverðar kjarabætur með verkfallsaðgerðum eða hótunum um fjöldauppsagnir. Í því andrúmslofti er ekki hægt að ætlast til að félagsmenn almennra verkalýðsfélaga er þiggja laun samkvæmt strípuðum launatöxtum taki að sér að axla ábyrgð á efnahagsástandinu.

Ef samráð um lausn efnahagsmála á að verða raunhæft verða stjórnvöld að sýna að þau séu þeim vanda vaxin. Á það bæði við um ríkisstjórnina og stjórn peningamála.

Stjórnvöld geta sýnt vilja sinn til aðgerða með því að beita sér tafarlaust fyrir einföldum en áhrifaríkum aðgerðum í skattamálum. AFL Starfsgreinafélag ítrekar kröfur sínar um róttæka hækkun persónuafsláttar og jafnhliða hækkun álagningarprósentu. Þannig má tryggja að fólk með meðaltekjur haldi óbreyttri skattbyrði, fólk með tekjur undir meðallaunum njóti skattalækkana en hátekjufólk beri hærri skattbyrði, hlutfallslega.

AFL Starfsgreinafélag krefst réttlátari skiptingu skatttekna sveitarfélögum til handa samfara auknum verkefnum. Langvarandi fjársveldi Heilbrigðisstofnunar Austurlands ógnar heilbrigðisþjónustu á Austurlandi og er fjárhagsstaða stofnunarinnar með öllu óviðunandi. Fundurinn krefst þess að stjórnvöld ráði tafarlaust bót á fjárhagsvanda stofnunarinnar.